


Sannleikur eða...



Um staðgengilsguðfræði

Ræða Sr. Wayne Hilsten í King of Kings
samfélaginu í Jerúsalem

Formáli íslenskrar útgáfu

Með útgáfu þessa rits, fylgir bæn og von um að innihaldið verði mörgum til fróðleiks og blessunar. Í þau 25 ár sem ég hef verið ferðamaður í Ísrael, starfað fyrir hjálparstofnun rússneskra innflytjenda í Ísrael og einnig verið fararstjóri meðal ferðamanna frá mörgum löndum í Landinu helga, hefur áhugi minn á lestri Biblíunnar sífellt aukist. Í mörgum tilfellum hefur mér fundist ég vera eins og þáttakandi í uppfyllingu fyrirheita, sem ég les um á mörgum stöðum í Ritningunum.

Til þess að geta öðlast meiri skilning á Orðinu, þurfum við að losa okkur við kenningastrauma sem byggðir eru á mannasetningum og rangtúlkunum. Við þekkjum kirkjudeildir, sem boðuðu endurkomu Drottins árið 1843. Þegar það gekk ekki upp, þá var þeim spádómi breytt til ársins 1844 (í október). Þegar það reyndist einnig rangt, hurfu margir úr því samfélagi, en aðrir héldu fast við að eitthvað stórkostlegt hefði gerst á himnum. Þá hafi verið byrjað að ljúka upp “bókunum” og tími náðarinnar væri liðinn. Seinna kom fram kenning um að Drottinn kæmi árið 1876. Þrátt fyrir villu sína, gáfust þeir ekki upp og sögðu nú, að Jesús kæmi árið 1914 og myndi stofna friðarríki sitt hér á jörð.... Aftur var spáð, að árið 1975 myndi hinn mikli atburður dóms, eiga sér stað. Ekkert af þessu hefur reynst rétt. Það væri hægt að nefna fjölmarga aðra “spádóma”, sem ekki reyndust af Guði gefnir.

Það er enn ein kenning, sem gegnum aldirnar hefur átt mikið fylgi meðal kristinna kennimanna og samfélaga. Sú kenning er oft nefnd *staðgengilsguðfræði* og er hún ástæðan fyrir útgáfu þessa rits. Strax, þegar ég var lítill drengur í sunnudagaskóla, var mér kennt, að hinir vondu Gyðingar hefðu drepit Jesús. Fyrir það hefði Guð afneitað þeim og þeir þurft að líða fyrir þetta alla tíð síðan. Þeir hefðu kallað bölvunina yfir sig. Þeir sem kenna slíkt, segja einnig að Guð hafi útvalið aðra “þjóð”, til að taka við hlutverki Gyðinga, þ.e. kirkjuna. “*Kirkjan er Ísrael.*” Þessi hættulega kenning, hefur orðið til mikillar vanblessunar og orsök mikilla hörmunga um aldir.

Ég vil nota tækifærið og þakka Eiríki Magnússyni og Steinþóri Als, fyrir ómetanlega hjálp við þýðingu og uppsetningu þessa rits.

Ég bið þeim einnig blessunar, sem hafa hvatt mig og stuðlað að því, að þetta rit varð til. Boðskapur þess er ekki byggður á mannasetningum, heldur eingöngu á Guðs Orði, Biblíunni.

Ólafur Jóhannsson
Formaður Félagsins ZÍON, vinir Ísraels

Inngangur

Fyrir nokkrum árum, birti víðlesid kristid tímarit grein um Ísrael. Hér á eftir eru beinar tilvitnanir úr þessari grein:

“Það eru mistök þegar kristnir menn hefja Ísraelsmenn til þeirrar stöðu að vera Guðs útvalda þjóð. Opinberun ritningarinnar hefur leitt í ljós, að á okkar tímum á Guð eina þjóð og hún er kirkjan.”

“Það má ekki tengja spádóma Gamla testamentisins við ríki Ísraels, nú þegar Jesús, Pétur og Páll hafa gjörbreytt hugsun okkar um sáttmálana og loforð þeirra, þeir eiga nú við kirkjuna.”

“Sú skoðun Ísraelsmanna, að Palestína sé gyðinglegt ríki að guðlegri forsjón er óréttmæt og stanslaust hernaðarofbeldi á þeirri forsendu, er óréttlátt.”

Hvað er staðgengilsguðfræði?

Þessar yfirlýsingar eru gott dæmi um, hvað er kennt í “staðgengilsguðfræði.” Kjarninn í þessari guðfræði er að **kirkjan sé Ísrael**. Hvernig má það vera? Nú jaja segja fylgjendur kenningarinnar. “Þar eð Ísraelsþjóðin hafnaði Jesú sem Messíasi, var henni hafnað og hún hefur glatað hinni mikilvægu stöðu sinni í áatlun Guðs. Kirkjan hefur með rétti gerst erfingi að þeim blessunum, sem Ísrael hafði verið lofað. Nú eru Gyðingar og Ítalir, Indverjar og Kínverjar allir jafn mikilvægir í augum Guðs. Gyðingar eiga enga framtíð, nema þeir geri iðrun, trúi á Jesú og sameinist kirkjunni.

Þessi guðfræði er reyndar ekki ný af nálinni. Kenninguna má rekja allt aftur á þriðju öld, þótt hugtakið staðgengilsguðfræði komi sjaldan fyrir í kennslubókum í guðfræði. Sú hugmynd að kirkjan sé Ísrael, er grundvöllurinn í sáttmálaguðfræði (covenant theology). Þessi kenning hefur ráðið guðfræði kristindómsins nánast alla tíð.

En hvernig varð staðgengilsguðfræðin ríkjandi í kenningu kirkjunnar?

Í fyrsta lagi: Staðgengilsguðfræðin er ávöxtur þeirrar aðferðar, sem hvað mest hefur verið beitt við túlkun á ritningunum og kallast myndlíking (allegorization).

Í öðru lagi: Sagan virðist staðfesta staðgengilsguðfræðina.

Í þriðja lagi: Staðgengilsguðfræðin virðist rökrétt og í fullu samræmi v ið það réttlæti sem opinberast í réttlátum persónuleika Guðs.

Staðgengilsguðfræðin: Eðlileg afleiðing myndlíkingartúlkunar

Ég hef sagt, að staðgengilsguðfræðin kenni, að kirkjan sé Ísrael. Hvernig má það vera að menn trú þessu? Reyndar er það auðvelt, ef Ritningarnar eru túlkaðar með aðferð sem kallast “myndlíking.”

Hvað á ég við með orðinu myndlíkingu? Maður sem “myndlíkir” kafla úr Ritningunum, varðar minna um *eiginlega* merkingu orðanna, en meira um *leynda* merkingu þeirra. Að myndlíkja er að túlka kafla úr Ritningunum með þeim hætti, að lítið er á hvert smáatriði sem tákn um dýpri andlega merkingu.

Leyfið mér að gefa ykkur dæmi um myndlíkingu á kafla úr Ritningunum. Við skulum skoða söguna í 21. kafla Matteusarguðspjalls, þegar Yeshua (Jesús) kemur fagnandi frá Olúfjallinu ríðandi á ösnufola. Í upphafi þriðju aldar, skoðaði Origen sem var einn af þekktari feðrum kirkjunnar, þennan kafla og kom fram með áhugaverða túlkun. Origen kenndi, að asnan í sögunni táknaði í raun hörku Gamla testamentisins, en ösnufolinn væri táknmynd Nýja testamentisins (mun blíðara dýr). Og til þess að bæta gráu ofan á svart, sagði Origen að lærisveinarnir tveir sem fóru og færðu Yeshua dýrin tvö, væru mynd af siðferðiskennd mannanna.

Þótt túlkun af þessu tagi sé álitin vafasöm nútildags, varð myndlíking megin aðferð kristinna kennara við túlkun Ritninganna á þriðju öld. Þessi túlkunaraðferð hélt velli framyfir Miðaldir.

Ef hægt er að komast að þeirri niðurstöðu, að Gamla testamentið sé asnan er einnig hægt að draga þá ályktun að kirkjan sé Ísrael. Með myndlíkingu má í raun lesa úr Biblíunni það sem maður vill, ef maður leggur sig nægilega fram.

Að endingu var sýnt fram á að myndlíking, sem aðferð til túlkunar er hættuleg og stundum blekkjandi. Á 16. öld, fór Marteinn Lúter og aðrir mótmælendur að efast um gildi þess að nota myndlíkingu til túlkunar. Rök þeirra voru þau, að almenna reglan við túlkun Ritninganna ætti að vera *bókstafleg*, nema í sérstökum tilfellum. Bókstafleg túlkun á kafla úr Ritningunum, gerir kröfu til þess að við fylgjum venjulegum reglum í málfræði, framsögn, setningaskipan og samhengi, og að við skoðum sögulega atburði og spádóma sem bókstaflega, þótt þeir séu stundum settir fram á skáldlegu og mynðrænu máli.

Nú, hvernig getum við verið viss um að *bókstafleg* túlkun á Biblíunni, sé besta túlkunaraðferðin? Ein besta röksemdin fyrir aðferðinni, er sú staðreynd að hundruð spádóma Biblíunnar hafa ræst í smáatriðum. Athugum stuttlega nokkra spádóma um Messías sjálfan. Í Jesaja 7:14 var því spáð, að Messías yrði fæddur af yngismey. Í Míka 5:1 er því lýst yfir að Hann muni fæðast í Betlehem. Í sálmi 22 er því lýst nákvæmlega hvernig Messías muni líða þjáningar. Í Jesaja 53, segir spámaðurinn frá þjáningum Hans og dauða, greftrun Hans í gröf ríks manns og uppris.

Fyrst að spádómar Gamla testamentisins um Yeshua gengu bókstaflega í uppfyllingu, eigum við þá ekki að vænta þess að spádómarnir um Ísrael og Gyðinga uppfyllist líka með bókstaflegum hætti.

Þrátt fyrir þetta þrjóskast þeir við, sem kenna staðgengilsguðfræðina og segja að kirkjan hafi á “táknrænan” og “andlegan” hátt uppfyllt spádómana um Ísrael. Þar af leiðandi, hafi eldri spádómar allir fallið úr gildi.

Ég spyr ykkur: “Hefur kirkjunni nokkru sinni verið dreift og hún send í útleið meðal þjóðanna, eins og spámennirnir sögðu fyrir um?” Hefur kirkjunni nokkru sinni verið lofað endurkomu til lands og fjalla Ísraels? Hafði spámaðurinn kirkjuna í huga er hann segir: “*Þeir munu búa í landinu, sem ég gaf þjóni mínum Jakob, landinu sem feður yðar bjuggu í?*” Það er einungis með myndlíkingu, sem hægt er að komast að þeirri niðurstöðu, að kirkjan sé Ísrael. Þá er að svara fyrstu spurningunni: “Hvernig varð staðgengilsguðfræðin ríkjandi í kenningu kirkjunnar?” Hluti af svarinu við henni er að staðgengilsguðfræðin er eðlileg afleiðing af túlkun með myndlíkingu, sem kirkjan hefur lengst af stuðst við.

En þú gætir spurt mig? “Wayne, sagðir þú ekki að síðan á tímum siðbótar væri myndlíking ekki talin viðeigandi aðferð til túlkunar á Ritningunni? Fyrst fræðimen n mótmælenda skoða Ritningarnar meira frá bókstaflegu sjónarmiði, hvers vegna hefur þá staðgengilsguðfræðinni ekki verið úthýst endanlega?” Reyndar hafa margir meðal þeirra, hafnað hugmyndinni um staðgengilsguðfræðina. Samt, þrífst þessi trú víða á þrjóskunni. Hvernig má það vera? Einfaldlega vegna þess, að kenningin hefur verið þróuð af mörgum hinna virtustu kirkjufeðra og guðfræðinga svo öldum skiptir og mun hún því ekki hverfa af sjónarsviðinu í einni svipan.

Staðgengilsguðfræði: Sagan virðist styðja hana

Til viðbótar, er þörf að benda á að staðgengilsguðfræðin er ekki aðeins fylgifiskur myndlíkingartúlkunar. Staðgengilsguðfræðin hefur orðið mikilvæg í kenningu kirkjunnar af annarri ástæðu. Mannkynssagan virðist staðfesta staðgengilsguðfræðina.

Leyfið mér að útskýra þetta nánar. Það er grundvallarályktun í staðgengilsguðfræðinni, að þar sem Ísrael hafnaði Jesú sem Messíasi, hafi Guð hafnað Gyðingum sem útvalinni þjóð að eilífu. Guð hafi þar af leiðandi dreift Gyðingum meðal þjóðanna. Og að því er varðar Kanaansland, sem Abraham og afkomendum hans hafði verið heitið, þá eigi Gyðingar ekki lengur lagalega kröfu til landsins.

Þegar litið er til sögu Gyðinga frá fyrstu öld, virðist sagan styðja staðgengilsguðfræðina, að minnsta kosti fram til þessa. Á yfirborðinu eru rökin sannfærandi.

Áður en mannsaldur hafði liðið frá krossfestingu Yeshua, hafði rómverski herinn, rænt alla Jerúsalemborg, gjöreytt musterinu, rífið Gyðinga upp og flutt þá til hinna ýmsu afkima heimsveldisins. Í augum fyrstu kirkjufedranna, voru þessir sögulegu viðburðir staðreyndir, sem sannfærðu þá um, að hlutverki Ísraels í áætlun Guðs væri lokið og kirkjan hefði tekið við því.

Þjáningum Gyðinga lauk ekki með grimmdarverkum Rómversku hersveitanna. Allar götur síðan, hefur saga Gyðinga verið samfelld sorgarsaga. Og í augum staðgengilsguðfræðinga staðfest þá trú þeirra, að Guð hafi yfirgefið Ísrael.

En röksemdir þeirra falla um sjálfar sig. Vegna þess, að hinar hræðilegu þjáningar Gyðinga eru í raun, að mörgu leyti afleiðing staðgengilsguðfræðinnar, fremur en ástæða. Reyndar myndi mest af þeirri illsku, sem komið hefur yfir Gyðinga síðast liðin 1800 ár, aldrei hafa átt sér stað, ef staðgengilsguðfræðin hefði ekki verið kennd í kirkjunni.

Leyfið mér í stutta stund að fara yfir nokkra stórviðburði í sorgarsögu Gyðinga, þessu til staðfestingar.

Frá því á 4. öld eða þar um bil, hefur kirkjan hneigst til fordóma og fyrirlitningar í garð Gyðinga. Til þess að réttlæta andgyðinglega afstöðu sína, hófu kristnir guðfræðingar að kenna, að dauði Krists væri á ábyrgð Gyðinga einna og að þeir væru því sekir um glæp glæpanna *“Guðsmorð”*. Í raun fóru margir kristnir að trúa því, að ein leið til að sýna hollustu sína við Yeshua, væri að sýna hatur sitt á morðingjum Drottins.

Jóhannes Krystóstóm (heilagur Krystóstóm), sem var uppi á 4. öld e.Kr. hafði þetta að segja um Gyðinga í einni af predikunum sínum: ‘[Þeir eru]... morðingjar, eyðendur, menn haldnir af Djöflinum...: Þeir hafa það eitt að markmiði, að kýla vömbina, drekka

sig fulla, að myrða og örkumla hver annan...” Og hugsíð ykkur, að Jóhannes Krystóstóm er dýrlingur (kaþólsku kirkjunnar).

Áhrifin sem Krystóstóm, ásamt öðrum guðfræðingum hafði á viðhorf hinna kristnu, urðu djúpstæð og langvarandi. Sexhundrað árum síðar, birtist hryllilegt hatur á Gyðingum hjá hinum svokölluðu kristnu. Krossfaranna er oft minnst fyrir riddaramennsku, trú og staðfestu. Í raun voru krossfararnir margir hverjir illgjarnir og hötuðu Gyðinga af lífi og sál. Til þess að refsa Gyðingum fyrir hlutdeild sína í morðinu á Kristi, hefndu krossfararnir sín á þeim Gyðingum, sem bjuggu í Landinu helga. Í einu tilviki, komu krossfararnir að Gyðingum, þar sem þeir héldu samkomu í synagógu í Jerúsalem. Þeir brenndu bygginguna og leiddi það til dauða allra, sem inni voru.

Þetta er aðeins eitt af fjölmörgum óhæfuverkum krossfaranna, gagnvart Gyðingum. Þegar krossfararnir komu fyrst til landsins helga um 1100, bjuggu 300.000 Gyðingar í landinu. 200 árum síðar, um það leyti er krossfararnir yfirgáfu landið, bjuggu aðeins um eitt þúsund fjölskyldur Gyðinga enn í landinu.

Ég varð furðu lostinn, er ég komst að því við rannsóknir á kirkjusögunni, að andúð á Gyðingum var ekki bundin við Rómversku kirkjuna, sem misst hafði sambandið við biblíulegan kristindóm. Andúð á Gyðingum er einnig áberandi í skrifum siðbótarmanna, sem áttu að hafa hreinsað rómversku kirkjuna að miklu leyti af spillingu og kenningavillu.

Í upphafi var siðbótarmaðurinn Marteinn Lúter, fullur samúðar í garð Gyðinga og trúði því, að þeir mundu gerast trúskiptingar fyrir boðskap sinn um réttlæti af trú. En raunin varð önnur og Lúter varð þar af leiðandi mjög bitur í garð Gyðinga. Afleiðingin varð sú, að Lúter varð jafn harðsnúinn og rómverska kirkjan í fyrirlitningu sinni á Gyðingum. Marteinn Lúter studdi í raun brottrekstur Gyðinga frá Þýskalandi og einnig eyðileggingu samkunduhúsa þeirra og trúarbóka. Lúter skrifaði eftirfarandi: “Gyðingar eru rustamenni, samkunduhús þeirra eru svínastíur, það ætti að brenna þá... Rán og illvirki eru þeirra lifibrauð. Þeir eru skepnur, sem ætti að reka út eins og hunda.” Það ætti því ekki að koma á óvart, að Nasistar, er þeir komust til valda í Þýskalandi, skyldu nota skrif Marteins Lúters, til þess að réttlæta andúð sína á Gyðingum. Vitið þið hvaða skilti mætti Gyðingum við komuna til Dachau, sem voru einhverjar alræmdustu dauðabúðir Nasistanna? Á því skilti stóð: “Þú ert hér vegna þess, að þú drapst Guð okkar.”

Staðgengilsguðfræðin er að því er virðist, studd sögulegum rökum. Ef öll þjáning Gyðinga gegnum aldirnar, er höfð til hliðsjónar, má þá ekki með sanni segja að Guð hafi hafnað Gyðingum?

Vandinn við þessa röksemdafærslu, sem lítur út fyrir að vera mjög öflug er sá, að staðgengilsguðfræðin var í raun *ástæða* þessarar sorgarsögu, fremur en *afleiðing*.

Nú held ég að það sé mikilvægt, að ég upplýsi um enn einn galla, á þessari söguskýringu, sem notuð er til að styðja staðgengilsguðfræðina. Ég held því fram, að saga Gyðingabjórðarinnar sé í raun sterkari röksemd *gegn* staðgengilsguðfræði, heldur en með henni. Ég trúi því, að saga Gyðinga þótt hún hafi vissulega verið hræðileg, sé

ekki merki um höfnun Guðs, heldur merki um algjöra trúfesti Guðs gagnvart sinni útvöldu þjóð. Leyfið mér að sýna ykkur hvernig sú hefur verið raunin.

Í fyrsta lagi: Sú staðreynd, að Gyðingabjóðin skuli enn vera til, eftir allar þær ofsóknir sem yfir hana hafa gengið, er vísbending um kraftaverk Guðs, þrátt fyrir það, að þeir voru reknir úr landi sínu og þeim dreift um allar jarðir. Þrátt fyrir endurteknar tilraunir til þjóðarmorðs, þrátt fyrir að reynt hafi verið að þröngva þeim til annarrar trúar og jafnvel þrátt fyrir þeirra eigin tilraunir til þess að blandast öðrum, hefur sú staðreynd ekki breyst, að Gyðingar lifa enn sem sérstök þjóð. Í sögu mannkyns, finnst einfaldlega enginn kynþáttur, sem mætt hefur öðrum eins ofsóknum og haldið velli. Hvað skýrir ódauðleika Gyðingabjóðarinnar? Eina svarið er, *Guð Ísraels*. Eins og segir í Malakí 3:6: “*Ég Drottinn, hef ekki breytt mér og þér, Jakobssynir, haldið því lífi.* [Ensk þýð: NIV]”

Sú staðreynd að Gyðingar hafa ekki horfið, þrátt fyrir margar tilraunir til þess að eyða þeim sem þjóð, er ein sterkasta röksemdin gegn staðgengilsguðfræðinni. Önnur staðreynd í sögu Gyðinga veikir mjög málstað staðgengilsguðfræðinnar, en það eru tiltölulega nýliðnir atburðir — endurkoma hinna dreifðu Gyðinga til Landsins helga og stofnun Ísraelsríkis. Ef Guð hefur hafnað Gyðingum og hefur engan áhuga lengur á tilvist Ísraels sem þjóðar, hvernig tókst þá Gyðingum að rísa úr ösku helfararinnar og setja á stofn fullvalda ríki, á sama landsvæði og þeir glötuðu fyrir 2000 árum.

Var þetta eins og hvert annað slys? Síður en svo. Þvert á móti, það sem við höfum orðið vitni að, er guðleg forsjón og uppfylling spádóma Biblíunnar á bókstaflegan hátt. Leyfið mér að gefa ykkur svolítill dæmi um spádóma, sem ræst hafa bókstaflega: Jesaja 14:1; “*Drottinn mun miskunna Jakob og enn útvelja Ísrael. Hann mun gefa þeim bólfestu í landi þeirra, og útlendir menn munu sameinast þeim og gjöra félagsskap við Jakobshús.*”

Jeremía 16:14-15; “*Sjá, fyrir því munu þeir dagar koma — segir Drottinn — að ekki mun framfar sagt verða: ‘Svo sannarlega sem Drottinn lifir, sá er leiddi Ísraelsmenn út af Egyptalandi,’ heldur: ‘Svo sannarlega sem Drottinn lifir, sá er leiddi Ísraelsmenn út úr landinu norðurfrá og úr öllum þeim löndum sem hann hafði rekið þá.’ Og ég mun flytja þá aftur til lands þeirra, sem ég gaf feðrum þeirra.*”

Eeskíel 11:17; “*Fyrir því skalt þú segja: ‘Svo segir Drottinn Guð: Ég vil safna yður saman frá þjóðunum og stefna yður saman frá löndunum, þangað sem yður var dreift og gefa yður Ísraelsland.’ ”*

Fram til þess tíma, að Gyðingar sneru aftur til þessa lands og stofnuðu Ísraelsríki, virtist sagan styðja staðgengilsguðfræðina.

Nú hefur þessi nýi kafli í sögu Gyðinga, sem enn er að opinberast okkur, sýnt að sögulegu rökin eru marklaus með öllu.

Staðgengilsguðfræði: Virðist vera rökrétt og í samræmi við réttlæti Guðs

Við sjáum að hin þyrnum stráða saga Gyðinga sannar ekki að Guð hafi hafnað þeim, heldur hið gagnstaða — að Guð geymi sína útvöldu í lófa sínum og hafi varðveitt þá sem þjóð gagnvart allri hugsanlegri ógn.

Hvers vegna, hefur staðgengilsguðfræðin ekki misst fylgi sitt fyrir fullt og allt, í ljósi þessa? Og hvernig má það vera að nú hin síðari ár, hafi staðgengilsguðfræðin öðlast í raun meira fylgi?

Svarið er: Staðgengilsguðfræðin virðist vera rökrétt og í samræmi við réttlátan persónuleika Guðs.

Staðgengilsguðfræðin spyr hinnar rökréttu spurningar: “Hvernig getur *réttlátur* Guð verið í mótsögn við sitt eigið eðli og flutt Gyðinga aftur til síns lands?” Og jafnvel eftir að Guð rak þá í útlegð, hefur meirihluti þeirra ekki látið af þrjósku sinni og þvermóðsku og tekið við Jesú sem Messíasi. Þar að auki, var Ísraelsríki grundvallað af guðleysingjum eða í besta falli trúleysingjum — *veraldlega* sinnuðum Zíonistum — sem eru áreiðanlega ekki hinir endurleystu Drottins. Sjáið hvernig Gyðingar fara með Palestínumenn — ná af þeim fasteignum og synja þeim um réttindi þeirra. Hvernig gæti réttlátur Guð átt hlutdeild í slíku óréttlæti?”

Eina rökrétta ályktunin virðist sú, að Guð væri ekki samkvæmur sjálfum sér og sínu réttlæti, ef hann flytti Gyðinga aftur til landsins og endurreisti ríki þeirra með slíkum aðferðum.

Það virðist rökrétt að álykta, að Guð gæti ekki flutt Gyðinga aftur til landsins og endurreist ríki þeirra við þessar aðstaður og verið réttlátur á sama tíma.

Ég er fullur samúðar í garð Gyðinga, en ég verð að viðurkenna, að það þarf mikinn vilja til þess að viðurkenna ekki að Gyðingþjóðin hefur sína galla. Og ég samþykki ekki hverja stefnu Ísraelsstjórnar, né sérhverja aðgerð varnarliðs Ísraels. En einu mikilvægu atriði megum við aldrei gleyma: Guð er vissulega réttlátur, en Hann er einnig Guð miskunnar.

Páll postuli svarar þeim sem spurðu svipaðra spurninga um útvalningu Ísraels, atriði sem virtist ganga í berhögg við réttlæti Guðs. Í Róm 9:14-16 segir Páll: *‘Hvað eigum vér þá að segja? Er Guð þá óréttvís? Fjarri fer því, því hann segir við Móse: ‘Ég mun miskunna þeim, sem ég vil miskunna, og líkna þeim sem ég vil líkna.’*”

Hvern þann kristinn mann, sem fylgir staðgengilsguðfræðinni, vil ég spyrja þessarar spurningar: “Frelsaði Guð þig og endurleysti vegna verðleika þinna — vegna þess að þú áttir það skilið?” Það þarf að minna okkur öll á Efesus 2:8 sem segir: *“Því að af náð eruð þér hólpnir fyrir trú. Þetta er ekki yður að þakka. Það er Guðs gjöf.”* Ef Drottinn bjargaði einungis “góðu mönnunum” væri enginn okkar hólpinn. Á sama hátt, þá verðskuldar Ísraelsþjóð ekki að endurheimta land sitt — en hvorki ég eða þið eigum skilið að erfa Guðsríki.

Guð hefur útvalið Ísrael, þrátt fyrir Ísrael og Hann hefur útvalið mig, þrátt fyrir mig og hann hefur útvalið ykkur þrátt fyrir ykkur. Gyðingar eru augasteinn Hans. Þeir hafa einstæða útvalningu. Í Rómverjabréfinu 11:28 -31 ávarpar Páll þá, í kirkju þess tíma, er trúðu því að Guð hefði snúið sér frá Ísraelsmönnum. Þarna er Páll að tala um ófrelsaða Gyðinga er hann segir, *‘Í ljósi fagnaðarerindisins eru þeir óvinir Guðs vegna yðar, en í ljósi útvalningarinnar elskaðir sakir feðranna. Guð iðrar ekki náðargjafa sinna og köllunar. Þið voruð fyrrum óhlýðnir Guði, en hafið nú hlotið miskunn vegna óhlýðni þeirra. Þannig hafa þeir nú líka orðið óhlýðnir, til þess að einnig þeim mætti miskunnað verða fyrir miskunn þá sem yður er veitt.’*

Já, Guð er réttlátur — og hann verður að refsá hinum óréttlátu. En Biblían mín segir mér að réttlætið hafi þegar áunnist. Sjálfur Guð reiddi fram þá fórn, sem friðþægði fyrir þá refsingu, sem hvert og eitt okkar á skilið, hvort sem við erum Gyðingar eða heiðingjar. Páll segir í Rómverjabréfinu 5:8: *‘Þar sem Kristur er fyrir oss dáiinn, meðan vér enn vorum í syndum vorum.’* Ekki þegar við höfum kippt öllu í lag, eða þegar við erum orðin réttlát og heilög. Nei, Guð í náð sinni og miskunnsemi og sem afleiðing af náðarútvalningu Hans, tók frumkvæðið og bjargaði okkur — Hallelújah!

Hvers vegna skyldum við hugsa okkur, að Guð umgangist útvalda þjóð sína öðruvísi en Hann umgengst mig og þig? Við ættum að biðja fyrir hönd Ísraels til okkar réttláta dómara, með spámanninum Habakkuk 3:2 *‘Drottinn, endurnýja verk þitt áður en mörg ár líða, lát það verða kunnugt áður en mörg ár líða. Minnst þú miskunnar í reiði.’*

Staðgengilsguðfræðin og afleiðingar hennar eru ógnvekjandi. Ef Guði hefur snúist hugur gagnvart lofordum sínum við Ísrael, hvernig getum við verið viss um að honum hafi ekki eins snúist hugur gagnvart lofordum sínum við okkur? Lof sé Guði, Hann er sá sami í gær og í dag og að eilífu. Guð breytist aldrei. Gjafir hans og köllun er óumbreytanleg (Rómverjabréfið 11:29).

Eftirfarandi kafli úr Jeremía 33:25-26, ætti að sýna með fullnægjandi hætti, að staðgengilsguðfræðin er staðleysa en ekki staðreynd.

‘Svo segir Drottinn: Ég, sem hefði gjört sáttmála við dag og nótt og sett himni og jörðu föst lög, skyldi ég hafna niðjum Jakobs og Davíðs, þjóns míns? Skyldi ég leiða hjá mér að velja af niðjum hans drottinara yfir ætt Abrahams, Ísaks og Jakobs? Nei, ég mun snúa við högum þeirra og miskunna þeim.’

Við búum ennþá við dag og nótt og föst lögmál um himin og jörðu eru enn við lýði. Þar af leiðandi hefur Guð alls ekki skipt um sáttmálaþjóð, heldur endurreisir Hann nú Ísrael og heldur með því hinn eilífa sáttmála við Abraham, Ísak og Jakob.

Kristna samferðafólk! Þegar hin lífseiga tilvera Ísraels er skoðuð, getum við glaðst. Guð er enn trúfastur við sáttmálaþjóð sína Ísrael. Hann mun einnig vera trúfastur þeim, sem ágræddir eru við Ísrael, fyrir trú sína á Messías Ísraels, Yeshua. Amen!

**Þetta rit er ókeypis.
Gefið út með leyfi höfundar.
Útgefandi: Ólafur Jóhannsson**